

Roadex Network Implementing Accessibility

INNLEIÐING



ROADEX verkefnið er tæknilegur samvinnuvettvangur vegagerða í Norður-Evrópu sem hefur það að markmiði að deila upplýsingum um vegi og rannsóknir á þeim milli aðildarlandanna. Verkefnið er unnið af aðilum á norður-slóðasvæðum Evrópu og er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP, en Byggðastofnun er þar aðili fyrir Íslands hönd.

Verkefnið hófst árið 1998 sem ROADEX I en það var skilgreint sem tilraunaverkefni. Verkefnið var tvískipt og tók Vegagerðin þátt í hlutanum um vetrarviðhald. Á árunum 2002 – 2005 var unnið að aðalverkefni, ROADEX II, en þá voru m.a. unnar viðamiklar rannsóknarskýrslur, Vegagerðin tók ekki þátt í því verkefni. Roadex III var síðan á árunum 2006 – 2008 en þar var m.a. um að ræða samantekt, nánari úrvinnsla og þýðing samantektarinnar á tungumál allra aðildarlandanna. Vegagerðin var nú komin aftur í hópinn og má m.a. sjá íslenska samantekt á rannsóknarskýrslunum á slóðinni:

<http://www.roadex.org/index.php/services/knowledge/translations/icelandic>

Það verkefni sem nú stendur yfir og nefnist ROADEX IV, hófst í júlí 2009 og lýkur í júní 2012. Aðilar að ROADEX eru nú 13 frá 7 löndum og koma flestir frá vegagerðum eða stofnunum skógariðnaðarins. Þessir aðilar koma frá Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Grænlandi, Íslandi, Skotlandi og Írlandi. Rannsóknarstofa kanadíska skógariðnaðarins er óbeinn aðili að þessu verkefni.

Markmið verkefnisins er m.a. að þróa nýjar og gagnvirkar aðferðir við ástandsstjórnun á fáförnum vegum. Aðferðir sem næðu að sameina þarfir staðbundins iðnaðar, samfélags og vegagerða. Í Roadex IV eru megin áherslurnar þessar:

- *Stuðla að almennri notkun á ROADEX nýjungum og tækni á Norðurslóðasvæðinu.*
- *Fjallað er um umferðarlitla opinbera vegi, skógar- og aðra iðnaðar- og einkavegi.*
- *Sérstök áhersla er lögð á áhrif frá loftlagsbreytingum og umhverfissjónarmið.*

Markmiðunum hyggst ROADEX m.a. ná með því að útbúa notendavæna þekkingarmiðstöð á netinu, þar sem verður samskiptavefur sem tengir marga aðila saman. Útfærð verða og unnin „sýningarverkefni“ þar sem verklag og aðferðir sem kynntar eru í ROADEX eru sýndar í framkvæmd.

Sýningarverkefnin eru:

- Drainage maintenance guidelines
- Road friendly vehicles and CTI
- Forest Road management and maintenance policies
- Rutting, from theory to practice
- Roads on Peat
- Analysis of health problems due to vibration

Tvenn sýningarverkefni verða unnin á Íslandi eða með íslensk efni og miðað við íslenskar aðstæður. Þetta er verkefnið um „Drainage“, afvötnun vega og aðgerðir til að viðhalda góðri afvötnun. Gert er ráð fyrir að aðilar frá finnska fyrirtækinu ROAD-SCANNERS komi til landsins sumarið 2011 með búnað til þess að mynda og mæla valda vegi, vega úttektar á afvötnun. Síðan vinna þeir úr þessum gögnum og koma með tillögur til úrbóta. Hitt verkefnið er „Rutting“, hönnun vegar skv. ROADEX módelinu. Tekin verða sýni af völdum burðarlagsefnum og þau send til Finnlands til rannsóknar. Síðan verður hönnuð uppbygging af viðkomandi vegum miðað við uppgefnar forsendur og mælda efniseiginleika á rannsóknarstofu. Þriðja verkefnið sem við komum mikið að er Vegir á mýrlendi, en sú vinna fer mikið fram á Írlandi þar sem unnið verður með Írum að gerð a.m.k. tveggja vega um mýrlendi sem Írar ætla að setja af stað.

Unnin verða þrjú rannsóknar- eða þróunar verkefni en þau fjalla um:

- Climate change
- Vehicle and human vibration
- Road widening

Þessi verkefni eru komin vel af stað og tekur Skúli Þórðarson þátt í verkefninu um loftlagsbreytingar en við höfum einnig tekið þátt í vinnunni um breikkun vega.

Ráðgjafapjónusta er hluti af ROADEX og rætt hefur verið um aðkomu Veghönnunar-deildar að litlu verkefni á Grænlandi og hugsanlega öðru á Vestureyjum.

Vefsíðan er orðin aðgengileg og er verið að byggja hana upp með myndrænum leiðbeiningum og auðveldu samskiptaformi. Unnið er að þróun vefsíðunnar en hún er á slóðinni: <http://www.roadex.org/> Gert er ráð fyrir netfræðslu á sex tungumálum.

Upplýsingar um ROADEX er einnig að finna á Wikipedia:

http://en.wikipedia.org/wiki/The_ROADEX_Project

Fulltrúar Vegagerðarinnar í verkefninu eru Haraldur Sigursteinsson og Daníel Árnason.

